
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Mynd 1 Vegavinna í Þorskafirði - mynd Jón Halldórsson

Skýrsla til 66. Haustþings fjórðungssambands Vestfirðinga
Haldið 22. og 23. október 2020 – á Ísafirði

Hlutverk samgöngu- og fjarskiptanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga

Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðgefandi aðili fyrir stjórn og þing Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi stefnumörkun í samgöngu- og fjarskiptamálum og eftirfylgni þeirrar stefnu og einstaka verkefna. Nefndin fjallar um mál sem stjórn Fjórðungssambandsins vísar til hennar og aflar upplýsinga um stöðu og framkvæmd samgöngu- og fjarskiptaverkefna. Nefndin getur einnig haft frumkvæði að málum en endanleg afgreiðsla slíkra mála er hjá stjórn Fjórðungssambandsins. Nefndin gefur árlega út starfsskýrslu og er þetta því þriðja starfsskýrsla núverandi nefndar, ritari nefndarinnar er sviðsstjóri byggðapróunarsviðs Vestfjarðastofu.

Verkefni nefndarinnar

Meðal verkefna nefndarinnar eru ýmsar umfjallanir um mál frá Alþingi, ráðuneytum og stofnunum. Í umsjón nefndarinnar er skipulag almenningsamgangna og reglulegir fundir með stofnunum samgöngu- og fjarskiptamála. Stjórn Fjórðungssambandsins vísaði árið 2017 umfjöllun um flutningsmál raforku á Vestfjörðum, mörkun stefnu og eftirfylgni í tengslum við virkjanaáform á Vestfjörðum til nefndarinnar. Hér var um tímabundna ráðstöfun að ræða og að mati formanns orðið tímabært að endurskoða og taka upp framtíðarfyrirkomulag. Þess má geta að formaður nefndarinnar á sæti í starfshóp um raforkumál á Vestfjörðum sem fráfarandi ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar skipaði í fyrr á þessu ári.

Fulltrúar og fundir

Niðurstaða kosningar samgöngunefndar á 3. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga var eftirfarandi:

Aðalfulltrúar í fastanefnd um samgöngu- og fjarskiptamál eru eftirfarandi:

- Iðna Marsibil Jónsdóttir, formaður, Vesturbyggð
- Bjarnveig Guðbrandsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
- Sigurður Jón Hreinsson, Ísafjarðabæ
- Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð
- Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Varamenn í sömu röð og aðalmenn:

- Marzelíus Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ
- Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, Vesturbyggð
- Sif Huld Albertsdóttir, Ísafjarðarbæ
- Arinbjörn Bernharðsson, Árneshreppur
- Samúel Kristjánsson, Súðavíkurhreppi

Formaður nefndarinnar er valinn úr stjórn Fjórðungssambandsins og er Iðna Marsibil Jónsdóttir.

Skýrsla samgöngu- og fjarskiptanefndar

Fundur stækkaðar samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga var haldinn í fjarfundi þann 11. Nóvember 2020. Á fundinn mætti Ólafur Guðmundsson sérfræðingur í umferðaröryggi til þess að kynna verkefni sitt sem hann var fenginn til þess að sinna fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga, Öryggisúttekt á Vestfjörðum. Úttektin var gerð með því að framkvæma greininguna með akstri um vegi Vestfjarða og skráningu með myndum og hreyfimyndum. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru í stuttu máli þær að mjög lítil hluti vegakerfis á Vestfjörðum stenst evrópska staðla um öryggi. Hámarkshraði, sem er á Vestfjörðum líkt og á öðrum landssvæðum 90 km, en það lækkar öryggisstuðla mjög mikið. Aukning í fjölda ferðamanna hækkar hlutfall vegfarenda sem eru að ferðast í fyrsta skipti um vegina og taka verður það með í reikninginn þegar verið er að veða öryggisþáttinn.

Það sem helst einkennir vestfirska vegi er:

- Næst hæsta hlutfall malarvega á Íslandi.
- Lélegar yfirborðsmerkingar á vegum með slitlagi.
- Fjöldi einbreiðra brúa.
- Ástand bundins slitlags víða komið að hættumörkum en endist í 2-4 ár í viðbót.
- Einkennandi „bútasumur“ vegkafla af mismunandi gæðum á sama vegnúmeri og eða útskotsvegir t.d. að áhugaverðum áfangastöðum eru af mun lægri gæðum
- Uppsetning leiðbeinandi skilta við vegamót skerðir útsýni.
- Grjót í vegrásum.
- Lausagangur búfjár.

Úrbætur sem fara þarf í:

- Víða má setja bundið slitlag á malarvegi án mikils undirbúnings en meta um leið lækkun hámarkshraða.
- Gera kröfu um yfirborðsmerkingar verði í samræmi við aðra staði á landinu, umferðarþungi á í engu að skipta.
- Setja upp ræsi í stað lítilla brúa, umferðarþungi á þar engu að skipta, þetta þarf þó að meta með hliðsjón af flóðahættu
- Aukið fjármagn þyrfti að fá í viðhald vega s.s. endurnýjun burðarlags.
- Forgangsráða verkefnum til að útrýma „bútasumur“.
- Sveitarfélög og Vegagerð geri átak í að færa leiðbeinandi skilti sem hindra nú útsýni.
- Hreinsa grjót úr vegrásum vor og haust.
- Girða fjölfarna vegi fyrir ágangi fúfjár.

Rætt var um að nauðsynlegt væri í raun að gera úttekt að vetrarlagi með hliðsjón af vetrarþjónustu og ræða í kjölfarið við Vegagerðina. Þau gögn sem urðu til við vinnslu á þessari úttekt eru aðgengilegar fyrir skipulagssvið sveitarfélaga eða sértækar

umferðarnefndir ef óskað er. Við þetta tækifæri var gögnum safnað um gatnakerfi í þéttbýli og eru þau gögn aðgengileg með samkomulagi við Ólaf.

Boðað var til kynningarfundar fyrir sveitarstjórnarfulltrúa með hádegisfundi þann 12. Nóvember 2020.

Stækkuð samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fundaði þann 1. mars 2021 í fjarfundi. Á fundinum var farið yfir niðurstöðu af valkostagreiningu sveitarfélaga varðandi jarðgöng á Vestfjörðum, forgangsröðum vegaf framkvæmda og önnur mál. Farið var yfir samantekt á svörum sveitarfélaga á Vestfjörðum við erindi Vestfjarðastofu f.h. Fjórðungssambands um valkostagreiningu jarðgangakosta á grundvelli vinnuskjals; Jarðgangaáætlun Vestfjarða. Haldnir voru þrjú fjarfundir 18. Og 19 janúar með sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum, sunnanverðum Vestfjörðum og sveitarfélögum á Ströndum og í Reykhólahreppi. Erindi var sent á sveitarstjórnir í framhaldi fundarins þar sem óskað var eftir að sveitarstjórnir forgangsröðuðu jarðgangnakostum. Mótun erindis og skipulag funda var unnið í samráði við formann samgöngunefndar og formann stjórnar FV.

Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi, Ísafjarðarbær, Súðavíkurreppur, Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Reykhólahreppi höfðu svarað erindinu.

Vinnuskjal þar sem svör sveitarfélaganna höfðu verið flokkuð varðandi valkosti, búið er að uppfæra upplýsingar um umferðarmælingar og lokunardaga.

Niðurstaða umræðu var eftirfarandi:

- Valkostagreining sveitarfélaga forgangsráðar verkefnum með áherslu á tengingu innan atvinnusvæða á norðanverðum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Fyrsti valkostur í jarðgangakostum eru því þrjú jarðgöng; Álftafjarðargöng (lengri valkostur), Hálfván og Miklidalur.
- Samgöngunefnd felur Vestfjarðastofu að óska eftir stuðningi stjórnvalda við gerð félagshagfræðilegrar greiningar á áhrifum á tilgreindum jarðgangakostum innan atvinnusvæðanna á norðanverðum og á sunnanverðum Vestfjörðum. Eins verði gerð félagshagfræðileg greining á samanlögðum áhrifum jarðgangaframkvæmda fyrir Vestfirði í heild.
- Samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2024 verður framkvæmdum á Vestfjarðavegi 60 um Gufudalssveit og Dynjandisheiði lokið í byrjun árs 2025. Fyrirséð er að umferð um Klettháls og um Breiðadals- og Botnsheiðargöng, muni aukast verulega þegar þeirri framkvæmd er lokið. Tryggja verður að fyllsta öryggis sé gætt fyrir umferð um jarðgöng og fjallvegi. Við endurskoðun Samgönguáætlunar 2022-2037 skal því tryggt fjármagn til nauðsynlegra endurbóta á jarðgöngum og vetrarþjónusta tryggi umferð meginhluta sólarhringsins á fjallvegum.
- Jarðgöng um Kleifaheiði, Dynjandisheiði (Kollagötugöng), Dynjandisheiði (Geirþjófsfjörður-Dynjandisvogur) verði skoðuð síðar, en mikilvægt að halda



Þessum jarðgangakostum í umræðu um innviðamál og skipulagsmál á Vestfjörðum m.a. áætlunum um uppbyggingu Þjóðgarðs á Vestfjörðum.

- Annað. Fram kom að sveitarstjórn Árneshrepps hefði á fundi þann 23. Febrúar s.l. tekið undir áherslur í nýrri greinargerð verkefnisins Áfram Árneshreppur varðandi uppbyggingu innviða í sveitarfélaginu. Þar kemur fram að leysa þarf af veg um Kjörvogshlíð með nýjum vegi um Naustavíkurskörð eða með jarðgöngum.

Sviðsstjóra falið að ljúka við gerð vinnuskjalsins „Jarðagangaáætlunar fyrir Vestfirði“ á grundvelli niðurstöðu sveitarfélaga og stækkaðar samgöngunefndar. Litið verið á greinargerðina sem hluta af Innviðaáætlun fyrir Vestfirði. Jarðagangaáætlun fyrir Vestfirði komi til endurskoðunar þegar niðurstöður félagshagfræðigreiningar liggja fyrir. En á þessum tímapunkti er mikilvægt að ljúka við vinnuskjalið og líta á það sem áfangaskýrslu inn í umræðu um jarðgangaframkvæmdir á Íslandi.

Forgangsröðun vegaf framkvæmda, samtal við sveitarstjórnir.

Lagt var fram vinnuskjal „Veghlutar á Vestfjörðum“ sem byggir á upplýsingum úr öryggisúttekt á vegum á Vestfjörðum ásamt upplýsingum um umferð, slysatíðni, þungaflutninga, skólaakstur o.fl.. Allir stofnvegir og meginhluti héraðsvega eru teknir til skoðunar eftir vegnúmerum, en Vestfjarðavegi 60 og Djúpvegi 61, er skipt upp í vegkafla eftir því hvernig þeir stofnvegir nýtast sem tenging innan atvinnusvæða og eða milli atvinnusvæða.

Sviðsstjóri gerði að tillögu að vinnuskjalið færi nú til frekari úrvinnslu með stækkaðri samgöngunefnd og eða með einstaka sveitarstjórnnum. Markmiðið væri að fá fram forgangsröðun verkefna innan hvers sveitarfélags sem legði grunn að forgangsröðun fyrir Vestfirði í heild. Ásamt vinnuskjalinu lægju til grundvallar gögn úr öryggisúttekt á vegum á Vestfjörðum er varðaði umferð, slysatíðni og myndir af ástandi allra vega sumarið 2020.

Horfa verði til í þessu verkefni að samþykktar hafa verið nýframkvæmdir við stofnvegi á Vestfjörðum í Samgönguáætlun 2020-2034 og á þeim framkvæmdum að vera lokið fyrir árið 2028. Samhliða væri brýn nauðsyn á viðhaldi og endurbótum á stofnvegum, héraðsvegum og í tilvikum landvegum sem fjármagnaðir væru úr aðgreindum verkefnapottum hjá Vegagerðinni. Þessum framkvæmdum yrði að forgangsráða og koma áherslum á framfæri við Vegagerð, ráðuneyti og Alþingi.

Samþykkt var að fara í nánari vinnu með hverri sveitarstjórn á Vestfjörðum. Fulltrúum í nefndinni er falið að leiða þá vinnu og koma á framfæri upplýsingum innan síns sveitarfélags. Vestfjarðastofa haldi síðan fund með sveitarstjórn þar sem farið er yfir forgangsröðun.

Formaður vísaði til kynningarfundar Vegagerðarinnar þann 23. Febrúar s.l. þar sem fjallað

var um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar og í kjölfarið var tekin umræða um framkvæmd vetrarþjónustu.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga telur að það kerfi sem Vegagerðin hefur verið að byggja upp á síðustu árum varðandi vegþjónustu, sé í stakk búið að fylgja eftir þróun umferðar og kröfum samfélaga, varðandi framkvæmd, eftirlit og upplýsingagjöf, ekki síst fyrir vetrarþjónustuhlutann. Þróa þarf þó betur upplýsingagjöf í rauntíma og ljúka vinnu við hvernig koma megi á auglýstum fylgðarakstri.

Samgöngunefnd harmar hins vegar að fjárveitingar til vetrarþjónustu eru ekki aðlagðar að ástandi vega og veðurfars hverju sinni. Breyta viðmiðunum og mæta auknum þörfum atvinnulífs og samfélaga en mörg ár eru þar til að lokið verði við vegaf framkvæmdir samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034. Eins er skorað á Alþingi og samgönguráðuneyti að veitt sé fjármagni til að greiða upp reiknaða halla á vetrarþjónustu síðustu ára og fjárveitingar auknar til málaflokksins.

Helstu verkefni á Vestfjörðum eru sem hér segir;

- Farið verði strax í að hækka þjónustustig á Strandavegi norður í Árneshrepp, úr G flokki í F flokk (mokstur tvisvar í viku). Ekkert annað sveitarfélag í landinu býr við þá stöðu að vera lokað inni í þrjá mánuði á ári.
- Farið verði strax í að moka alla daga á Dynjandisheiði. Reynslan sýnir að mögulegt er að halda heiðinni opinni, en núverandi þjónusta miðast við þarfir atvinnulífs, en mætir mun síður þörfum íbúa að sækja þjónustu og afþreyingu á milli norðan og sunnanverðra Vestfjarða, auk aksturs ferðamanna.
- Farið verði strax í að lengja þjónustutíma á Vestfjarðavegi 60, um Klettháls og í Gufudalssveit og mæta brýnni þörf atvinnulífs og samfélaga.
- Bætt verði við vetrarþjónustu um Bíldudalsvegi af Dynjandisheiði og að flugvelli.
- Lengja þarf þjónustutíma almennt en sérstaklega þarf að huga að aukinni vetrarþjónustu á Mikladal, Hálfván og um Súðavíkurlíð þar til gerð hafa verið jarðgöng til að leysa af þessa vegkafla.

Lokaorð

Á starfsárinu var áfram haldið með verkefni sem tengjast jarðgangaáætlun fyrir Vestfirði og samgönguáætlun fyrir Vestfirði, afurð þeirrar vinnu var kynnt í gær af Sævari Kristinssyni, Verkefnisstjóra KPMG – skýrslan Samfélagsleg áhrif jarðgangna á Vestfjörðum. Haldið var áfram við að stilla tóninn því eins og farið hefur verið yfir er gríðarlega mikilvægt að sveitarstjórnarfolk á svæðinu tali einni röddu um þær framkvæmdir sem brýnt er að knýja á um við hið opinbera. Drögum að tillögu um jarðgangnaáætlun var dreift til sveitarfélaga á

árinu eins og fram kemur að ofan. Skýrsla um öryggisúttekt var kláruð og hefur verið kynnt sveitarstjórnnum einnig. Vinnufundir um forgangsröðun viðhaldsframkvæmda á vegum í sveitarfélögum hafa farið fram.

Við Vestfirðingar erum ákveðnir í því að hér verði samgöngukerfi sem samræmist nútímakröfum og hefur sú barátta tekið langan tíma, en verk við vegavinnu í Reykhólasveit er hafið og því ber að fagna.

Dýrafjarðargöngin opnuðu á árinu og var það góð upplifun að vera viðstödd þá opnun, þrátt fyrir að aðstæður væru þannig á þeim tímapunkti að opunarviðhöfnin sjálf var með óhefðbundnu sniði. Skemmtilegt var þó að keyra í gegn um göngin og þeyta bílflautur og blikka bílljósunum og geta með því móti samfagnað með nágrönnum sem búa við hinn endann.

Áfram er forgangsmál að vetrarþjónusta Vegagerðarinnar verði með þeim hætti að samfélögin geti haldið áfram að blómstra, sama hvaða árstíð er hverju sinni. Segja má að samfélagið á Vestfjörðum sem orðið þannig að það sofi aldrei. Sólarhringsþjónusta allan ársins hring er því eitthvað sem við þurfum að kalla eftir.

Ég enda skýrsluna með orðum af svipuðum toga og síðustu ár, þar sem enn þurfum við að halda áfram þeirri vinnu sem hefur verið í gangi síðust ár, þar sem enn er nokkuð langt í land:

Vestfirðir hafa þokast ákveðið en kannski rólega áfram í samgöngumálum, fjarskipti eru ekki orðin nægjanlega fullkomin til að skapa öryggi sem er viðunandi, næsta stóra mál fjórðungsins eru raforkumálin. Ef við ætlum að ná settum markmiðum í fjölgun íbúa og starfstækifæra þarf stóráttak til að bæta hjá okkur raforkuöryggi. Því er að mati formanns brýnt að halda starfi nefndarinnar áfram í formi innviðanefndar sem tæki þá raforkumálin aftur inn í sitt starf og yrði það frambúðarfyrirkomulag. Þetta er í samræmi við tillögu C við samþykktir og breytingu á þingsköpum FV.

lóa Marsibil Jónsdóttir

Formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál